

**Ed.**

**359. Framhaldsnefndarálit**

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrirliggjandi frumvarp ásamt breytingartillögum frá fjármálaráðherra gerir ráð fyrir verulegri hækkun tekjuskatts. Þannig mun heildarskattbyrði til ríkis og sveitarfélaga hækka um ca. 8 milljarða króna.

Við 2. umræðu um þetta mál bentu fulltrúar Alþýðuflokksins á, að skv. tillögum stjórnarflokkanna mundi skattur hækka sérstaklega og tilfinnanlega á tekju-lágu einhleypu fólki og einstæðum foreldrum. Þótt þessari gagnrýni Alþýðuflokksins hafi verið tekið illa í fyrstu, hefur hún nú skilað þeim árangri, að úr þessum órétti hefur verið dregið, og er það ánægjulegt spor í rétta átt, þótt það hrökkvi skammt.

Að frátalinni þessari lagfæringu einkennist h'ns vegar nýframlögð tillaga fjármálaráðherra af enn frekari skattahækkunum. Heildarálogur til ríkis og sveitarfélaga á hjón með þrjú börn og fleiri hækka um 560 milljónir króna eða 5% í samanburði við áður gildandi lög og 11.6% útsvar. Tekjuskattsálögur á hjón með minni tekjur en 6 milljónir króna hækka nú um 442 milljónir króna frá þeim tillögum, sem samþykktar voru við 2. umræðu. Hjá hjónum með tvö börn, sem vinna fyrir 2.5 milljónum hvort, hækkar tekjuskattur um 74 þús. kr. frá þeim lögum, sem áður giltu.

Alþýðuflokkurinn telur að þessi stefna skattahækkana sé röng og skaðleg eins og fram kom í nefndaráliti frá 3. minni hl. þessarar nefndar við 2. umræðu í deildinni. Þvert á móti telur Alþýðuflokkurinn að nú eigi að draga úr skattheimtu til þess að vernda raunkjör í landinu, einkum hjá hinum tekjulægstu. Til þess er möguleiki með því að draga úr útgjöldum ríkisins, sbr. þær tillögur, sem Alþýðuflokkurinn hefur flutt um það efni.

Í þessu sambandi er vert að benda á, að sambandsstjórn Verkamannasambands Íslands hefur samþykkt stefnumörkun í kjaramálum sem fellur saman við þá stefnu, sem Alþýðuflokkurinn hefur boðað um að skattalækkanir séu nærtækasta úrræðið til að vernda kjör launafólks, einkum hinna lægst launuðu.

Við 2. umræðu um þetta mál var af hálfu Alþýðuflokksins flutt breytingartillaga um skattstiga, sem kom til móts við launafólk í samræmi við ofangreind sjónarmið. Sú tillaga náði ekki fram að ganga. Nú er þess enn freistað að ná fram stefnubreytingu í þessa átt. Þess vegna er hér flutt á sérstöku þingskjali breytingartillaga um skattstiga.

Samkvæmt þessari tillögu yrði skattstigi þannig, að af fyrstu 2.5 millj. kr. tekjuskattstofni greiðist 16% af næstu 3.5 millj. kr. tekjustofni 32%, en 48% af því sem er umfram 6 millj. kr. tekjustofn. Skattafsláttur yrði 425 þús. kr. Gert er ráð fyrir að barnabætur reiknist með sama hætti og í nýframlögðum tillögum frá fjármálaráðherra.

Álagðir tekjuskattar yrðu samkvæmt tillögunni nettó um 35.5 milljarðar króna í stað ca. 46 milljarða króna samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi, og er þá í báðum tilvikum miðað við 47% tekjuaukningu milli ára skv. úrtaki Þjóðhagsstofnunar. Yrði þá innheimtur tekjuskattur um 7 milljörðum lægri en fjárlög gera ráð fyrir.

Einhleypt fólk mundi eftir þessum tillögum verða skattfrjálst, ef tekjur þess eru innan við 2865 þús. kr. Hjá hjónum án barna, þar sem annar aðlinn vinnur fyrir öllum tekjunum, yrði enginn skattur af tekjum innan við 4340 þús. kr. Í fylgiriti eru nokkur samanburðardæmi um skatt skv. þessum tillögum annars vegar og tillögum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar hins vegar.

Alþingi, 25. apríl 1980.

Kjartan Jóhannsson.

#### Fylgirit.

Samanburðardæmi um tekjuskatt samkvæmt tillögum ríkisstjórnarflokkanna og samkvæmt tillögum Alþýðuflokksins.

#### Einhleypt fólk:

Brúttótekjur <sup>1)</sup>	Tekjuskattur:	
	Till. ríkisstj.	Till. Alþfl.
3 000 þús. kr. ....	108 þús. kr.	39 þús. kr.
4 000 þús. kr. ....	406 þús. kr.	327 þús. kr.
6 000 þús. kr. ....	1 085 þús. kr.	903 þús. kr.

#### Einstætt foreldri með eitt barn yngra en 7 ára:

Brúttótekjur <sup>1)</sup>	Tekjuskattur:	
	Till. ríkisstj.	Till. Alþfl.
3 000 þús. kr. ....	÷ 236 þús. kr. <sup>2)</sup>	÷ 306 þús. kr. <sup>2)</sup>
4 000 þús. kr. ....	61 þús. kr.	÷ 18 þús. kr. <sup>2)</sup>
4 000 þús. kr. ....	61 þús. kr.	÷ 18 þús. kr. <sup>2)</sup>

1) Nettótekjur reiknast 10% lægri en brúttótekjur.

2) ÷ táknar fjárupphæð til greiðslu útsvars eða til útgreiðslu.

		<b>Hjón með 2 börn:</b>		Tekjuskattur	
Brúttótekjur	Brúttótekjur	Till. ríkisstj.	Till. Alþfl.		
eiginm.	eigink.	þús. kr.	þús. kr.		
þús. kr.	þús. kr.				
2 500	2 500	÷ 314 <sup>2)</sup>	÷ 560 <sup>2)</sup>		
4 000	4 000	489	224		
6 000	0	150	45		

		<b>Hjón, barnlaus:</b>		Tekjuskattur	
Brúttótekjur	Brúttótekjur	Till. ríkisstj.	Till. Alþfl.		
eiginm.	eigink.	þús. kr.	þús. kr.		
þús. kr.	þús. kr.				
2 500	2 500	116	÷ 130 <sup>2)</sup>		
4 000	4 000	919	654		
5 000	0	267	190		
6 000	0	580	475		

1) Nettótekjur reiknast 10% lægri en brúttótekjur.

2) ÷ táknar fjárupphæð til greiðslu útsvars eða til útgreiðslu.